



320. Stjórnarfundur haldinn 23. október 2008 kl:17:05

Mættir: Einar, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn og Bjarney.

1. Heimsókn stjórnar körfuknattleiksdeildar.

Margeir Elentínusar formaður ásamt fimm fulltrúum körfuknattleiksdeildar voru mættir. EH bauð stjórn deildarinnar velkomna og gaf Margeiri orðið. Margeir skýrði frá fjárfurrð deildarinnar og erfiðleikum við að standa við gerða samninga. Einnig gerði hann grein fyrir mögulegu tekjustreymi deildarinnar á komandi keppnistímabili. Miðað við efnahagsástandið í þjóðfélaginu er fyrirsjáanlegt að rekstur deildarinnar verður þungur í vetur. Deildin telur brýnt að bregðast við. Stjórnarmenn deildarinnar hyggjast ræða við leikmenn og þjálfara um stöðu deildarinnar um helgina. ***EH og Margeiri falið að ræða málefni deildarinnar við bæjaryfirvöld.*** EH þakkaði stjórn deildarinnar fyrir komuna og óskaði þeim velfarnaðar.

2. Fundargerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

3. Innkominn bréf.

Afrit af bréfi til barna og unglingaráðs knattspyrnudeildar Keflavíkur v/ mismunar á æfingatímum milli kynja.

Bréf frá Glitnir v/ kennitölubreytingar bankans.

Skinfaxi.

4. Send bréf.

Bréf sett í hólfi deilda og sent í tölvupósti v/ skila á greinum í jólablað félagsins 2008.

5. 36. Sambandsráðsfundur UMFÍ í Stykkishólmi 11. okt. 2008.

EH greindi frá fundinum og fór yfir samþykktar tillögur hans. KG var fulltrúi félagsins á fundinum. EH sat sem stjórnarmaður UMFÍ.

6. Staða knattspyrnudeildar gangvart aðalstjórn.

EH greindi frá stöðu láns Knattspyrnudeildarinnar og aðkomu aðalstjórnar að því máli. ***EH falið að boða stjórn knattspyrnudeildar á næsta fund aðalstjórnar.***

7. Önnur mál.

EH lagði til að haldinn verði stór fundur með aðilum í stjórnnum félagsins og öðrum tengdum aðilum (stjórnarfólki, þjálfurum og foreldrum). Umræðuefnið: Ástand og horfur í þjóðfélaginu og hvernig félagið bregst við því ástandi sem er uppi. ***EH falið að kanna með að halda slíkan fund.***

Ákveðið að kaupa flaggstangafána.

Næsti stjórnarfundur 6. nóv. kl 17:05 2008.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:30
Fundinn ritaði SG

